

# Samtök sjávarútvegs- sveitarfélaga

Samantekt gagna vegna umsagnar um frumvarp  
um breytingu á lögum um veiðigjöld

Ráðgjafarsvið KPMG

—

18. júní, 2025

Uppfært í kjölfar álits meirihluta  
atvinnuveganefndar, sbr.  
Þingskjal 723 — 351. mál.

# Fyrirvari

Hlutverk KPMG er að taka saman gögn og upplýsingar sem nýtast Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga við gerð umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á veiðigjöldum.

KPMG hefur ekki aðkomu að gerð umsagnarinnar að öðru leyti og ber ekki ábyrgð á henni.

Greiningin byggir á opinberum gögnum úr frumvarpinu, frá Fiskistofu og Hagstofu Íslands.

Uppfærð gögn byggja annars vegar á breytingum á frítekjumarki eins og þeim er lýst í nefndaráliti meirihluta atvinnuveganefndar í þingskjal 723 — 351. mál, og hins vegar á upplýsingum um hækkun á veiðigjöldum í krónum á kíló frá Samtökum sjávarútvegssveitarfélaga.

Dæmi um áhrif á einstök sveitarfélög, eða fyrirtæki innan sveitarfélaga byggja alfarið á gögnum frá sveitarfélögunum sjálfum.

Ekki hefur verið framkvæmd sérstök könnun á áreiðanleika þeirra gagna sem byggt er á en miðað er við að um traustar heimildir sé að ræða. KPMG getur ekki ábyrgst nákvæmni né áreiðanleika þeirra upplýsinga sem hér koma fram né að þær séu tæmandi. KPMG ber ekki ábyrgð á að uppfæra efni samantektarinnar á grundvelli upplýsinga sem síðar kunna að koma fram.

KPMG ber enga ábyrgð á ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli niðurstaðna samantektarinnar. Öll ábyrgð vegna ákvarðana sem teknar verða á grundvelli hennar eða niðurstaðna sem í henni eru, er á höndum þeirra sem að málinu kunna að koma.

# Vænt hækkun samtals um 7,9 ma.kr.

Vænt hækkun veiðigjalda m.t.t. frítekjumarka er um 7,9 ma.kr.


Um 90% af hækkuninni fellur á fyrirtæki með heimilisfesti í 9 sveitarfélögum.

Áhrifanna gætir þó víðar. Nokkur fyrirtæki eru t.d. skráð á höfuðborgarsvæðinu en eru með stóran hluta starfsemi sinnar í öðrum sveitarfélögum.

Sömu sögu má segja um félög sem skráð eru í Vestmannaeyjabæ og Akureyrarkaupstað, sem eru með starfsemi í öðrum sveitarfélögum.

Fram hafa komið ábendingar um að hækkun veiðigjalda einstakra tegunda kunni að vera vanmetin. Tekið skal fram að hér er m.v. auglýst og birt veiðigjald í frumvarpi.

Hækkun veiðigjalda eftir sveitarfélögum í m.kr.





Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórntíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld), gögn frá Ísfélaginu

# Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum

## 37%

Af hækkuninni leggst á fyrirtæki skráð með heimilisfesti í Suðurlkjördæmi og 30% af hækkuninni leggst á fyrirtæki skráð með heimilisfesti í Norðausturlkjördæmi. Áhrifin geta þó birst í öðrum kjördæmum þar sem starfsemi fyrirtækis getur verið í öðru kjördæmi en heimilisfesti þess.

Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum  
í ma.kr.



Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld), gögn frá Ísfélaginu



# Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum m.t.t. staðsetningar

41%

Af hækkuninni leggst á fyrirtæki með starfsemi í Norðausturkjördæmi ef tekið er tillit til hvar starfsemi fyrirtækjanna er, en ekki einungis heimilisfesti.

Byggt á upplýsingum um þrjú útgerðarfélög var hluti hækkunar þeirra fyrirtækja færður frá Suður- og Reykjavíkurkjördæmi til Norðausturskjördæmis. Sjá glæru 7 fyrir frekari útskýringar.

## Hækkun veiðigjalda eftir kjördæmum í ma.kr.



Heimild: Fiskistofa (landanir), stjórnartíðindi (auglýst veiðigjöld), frumvarp til laga (ný veiðigjöld), gögn frá Ísfélaginu. Upplýsingar um starfsemi Brim, Gjögur og Ísfélagsins í norðausturkjördæmi.



[kpmg.com/socialmedia](https://kpmg.com/socialmedia)

Upplýsingar í skjali þessu eru almennar og er ekki ætlað að ná til aðstæðna tiltekins einstaklings eða lögaðila. Þó að við leitumst við að veita nákvæmar og tímanlegar upplýsingar er ekki um að ræða neina tryggingu fyrir því að slíkar upplýsingar séu nákvæmar á þeim degi sem tekið er við þeim eða að þær verði nákvæmar í framtíðinni. Enginn ætti að taka ákvarðanir á grundvelli slíkra upplýsinga nema leita fyrst viðeigandi ráðgjafar sem taka myndi mið af aðstæðum viðkomandi aðila.

©2024 KPMG ehf. á Íslandi er aðili að alþjóðlegu neti KPMG, samtökum sjálfstæðra fyrirtækja sem aðild eiga að KPMG International Limited, ensku félagi með takmarkaða ábyrgð. Allur réttur áskilinn.